

A 1835/välfärd

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga
um endurskoðun allra laga og reglna sem snerta sjúkraflutninga og flutninga með sjúkrabíl yfir landamæri

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún láti endurskoða öll lög og reglur sem snerta sjúkraflutninga og flutninga með sjúkrabíl yfir landamæri á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Forsendur heilbrigðisþjónustu í dreifbýli eru forgangsmál. Mikilvægt er að fólk geti verið öruggt um að fá heilbrigðisþjónustu þegar það þarf á henni að halda. Með því að auka samstarf á landamærasvæðum er hægt að bæta öryggi um leið og sameiginleg úrræði eru nýtt með skilvirkum hætti á landamærasvæðum. Þó er þetta ákveðnum vandkvæðum bundið.

Samkvæmt sænskum lögum um sjúklingaöryggi er til dæmis krafist sænskra skilríkja til að hægt sé að veita bráðameðhöndlun áður en komið er á sjúkrahús. Ekki er leyfilegt að flytja lyf inn í landið eða út úr því í sjúkrabílum frá öðrum löndum og í útköllum má aðeins nota þá sjúkrabíla sem skráðir eru í Svíþjóð. Í Noregi er til undanþága vegna heilbrigðisþjónustu á landamærasvæðum og í Finnlandi stendur yfir endurskoðun.

Á nokkrum svæðum er nú þegar um að ræða samstarf á sviði brunavarna og löggæslu sem horfa mætti til þegar kemur að heilbrigðisþjónustu.



Í ljósi þessa ætti að endurskoða öll lög og reglur sem snerta flutninga með sjúkrabíl yfir landamæri á Norðurlöndum til að unnt sé að koma á samstarfi í sjúkrabílaþjónustu á landamærasvæðum í því skyni að efla heilbrigðisþjónustuna. Norræna líkanið er byggt á öflugri velferðarmódeli sem við jafnaðarmenn viljum þróa frekar. Með samstarfi yfir landamæri styrkjum við velferð og bættum og jöfnum aðgengi að heilbrigðisþjónustu, jafnvel þar sem um langan veg er að fara til að sækja slíka þjónustu innan eigin lands.

Kaupmannahöfn, 24. febrúar 2020

Anders Kronborg (S)

Annette Lind (S)

Camilla Gunell (S)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Ilmari Nurminen (sd)

Ingalill Olsen (A)

Jorodd Asphjell (A)

Karl Kristian Kruse (S)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Orla Hav (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)